

Reglur Kaupþing Erlendra Skuldabréfa

1. gr. Heiti sjóðsins.

Nafn sjóðsins er Kaupþing Erlend Skuldabréf. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf., kt. 700996-2479, Borgartún 19, 105 Reykjavík.

Sjóðurinn starfar óskiptur og hefur ekki heimild til markaðssetningar í öðrum ríkjum en á Íslandi.

Vegna aðstæðna sem hafa skapast á fjármálamörkuðum hefur verið ákveðið að slíta sjóðnum. Slit sjóðsins munu fara þannig fram að sjóðurinn mun að minnsta kosti á þriggja mánaða festi greiða inn á vörslureikning hvers hlutdeildarskírteinishafa eign hans í sjóðnum, eftir því sem eignir í sjóðnum fást greiddar, annað hvort með greiðslu frá útgefanda eignanna eða með sölu þeirra, uns engar eignir eru eftir í sjóðnum. Ef hlutdeildarskírteinishafi á ekki vörslureikning, mun slíkur reikningur verða stofnaður í hans nafni, og greiðslur lagðar inn á þann reikning.

Ekki verður hægt að kaupa hlutdeildarskírteini í sjóðnum og hlutdeildarskírteini verða ekki innleyst að kröfu eigenda þeirra.

Með þessu móti er jafnræði hlutdeildarskírteinishafa tryggt við þær aðstæður sem nú ríkja.

Um er að ræða aðgerðir sem munu leiða til slita á sjóðnum þegar öllum eignum hans hefur verið ráðstafað til hlutdeildarskírteinishafa í samræmi við það sem að framan greinir.

Reglubreyting þessi er gerð á grundvelli 2. mgr. 12. gr. laga nr. 30/2003.

2. gr. Fjárfestingarstefna sjóðsins.

Framkvæmd slita sjóðsins getur leitt til þess að eignir sjóðsins fari umfram fjárfestingarheimildir. Við framkvæmd slita sjóðsins hefur sjóðurinn heimild til að hafa hlutfall gjaldeyrisvarna 0-100%.

3. gr. Verkefni sjóðsins.

Rekstrarfélag Kaupþings banka hf., kt. 700996-2479, fer með rekstur sjóðsins í samræmi við lög nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

Vörslufyrirtæki sjóðsins er Arion verðbréfavarsla hf., kt. 470502-2450, Ármúla 13, 108 Reykjavík. Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. er óheimilt að skipta um vörsluaðila nema að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins. Auk verðbréfavörslu sinnir Arion ýmsum öðrum verkefnum í rekstri sjóðsins. Skv. 18. gr. laga nr. 30/2003 hefur rekstrarfélag sjóðsins fengið samþykki Fjármálaeftirlitsins fyrir því að útvista til Arion ýmsum lögbundum verkefnum rekstrarfélagsins, s.s. að annast mat á verðmæti verðbréfa og annarra eigna sjóðsins. Skv. sömu lagaheimild viðheldur Arion skrá yfir eigendur hlutdeildarskírteina, annast útreikninga á innlausnarvirði sjóðsins og annast vörslu hlutdeildarskírteina og annarra gagna um viðskipti. Skv. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 30/2003 hefur útvistun á framangreindum lögbundnum verkefnum rekstrarfélagsins engin áhrif á ábyrgð félagsins gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina. Arion annast og ber ábyrgð á bókhaldi og uppgjöri sjóðsins í samræmi við samþykktir sjóðsins, lög um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, og bókhaldslög. Arion verðbréfavarsla hf. sér um að útbúa og senda efnahags- og rekstrarreikninga skv. lögum til endurskoðanda. Jafnframt skal Arion verðbréfavarsla hf. senda mánaðarlega skýrslu til Seðlabanka og skýrslu til Fjármálaeftirlitsins á 3 mánaða fresti í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru vegna þeirra sjóða sem um ræðir. Aðrar skýrslugjafir til opinberra aðila

vegna sjóðsins er jafnframt í höndum Arion verðbréfavörslu hf. ef efnið varðar þá þætti sem Arion hefur tekið að sér samkvæmt samningnum. Í lok hvers mánaðar sér Arion verðbréfavarsla hf. um að greiða eignastýringar- og vörsluþóknun fyrir sjóðina. Mánaðarlegt uppgjör sjóðanna, uppgjör til endurskoðenda, skýrslur til utanaðkomandi eftirlitsaðila og viðskiptamanna skal borið undir framkvæmdastjóra Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. til umsagnar.

Kaupþing banki hf. eru söluaðili sjóðsins og annast þjónustu við þá sem fjárfesta í sjóðnum eða óska eftir upplýsingum í tengslum við fyrirhugaða fjárfestingu í sjóðnum og annast milli-göngu um útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteina. Kaupþing banki hf. annast markaðssetningu og sölu hlutdeildarskírteina að öðru leyti.

Um verkefni sjóðsins fer nánar skv. samningum Rekstrarfélagsins og viðkomandi aðila.

4. gr. Þóknunir.

Þóknun Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. fyrir rekstur sjóðsins skal að hámarki nema 2,5% p.a. af meðaltali verðmætis hreinnar eignar sjóðsins meðan hann er starfræktur, en í dag nemur þóknunin 0,5%. Heildar umsýsluþóknun þeirra sjóða um sameiginlega fjárfestingu sem sjóðurinn fjárfestir í skal að hámarki nema 2,5% p.a. af meðaltali verðmætis hreinnar eignar þess sjóðs meðan hann er starfræktur.

Þóknun Arion verðbréfavörslu hf. fyrir umsjón og vörslu fjármálagerninga sjóðsins nemur 0,05% p.a. af meðaltali verðmætis hreinnar eignar hans á hverjum matsdegi hvers mánaðar meðan hann er starfræktur.

Auk umsýsluþóknunar rennur söluþóknun til Kaupþings banka hf. fyrir sölu hlutdeildarskírteina í sjóðnum. Sölu- og innlausnarþóknun er að hámarki samtals 2%. Söluþóknun endurspeglast í mun kaup- og sölugengis á hverjum tíma og í dag er hún 1%. Innlausnargjald er í dag 0%.

5. gr. Útgáfa hlutdeildarskírteina og innlausn þeirra.

Engin ný hlutdeildarskírteini verða gefin út í sjóðnum.

Allir, sem eiga hlutdeild að sjóðnum, eiga sama rétt til eignar og tekna hans í hlutfalli við eign sína.

Hlutdeildarskírteini verða ekki innleyst að kröfu eigenda þeirra. Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. mun að eigin frumkvæði greiða inn á vörslureikninga hlutdeildarskírteinishafa, eftir því sem kröfur sjóðsins fást greiddar eða eru seldar, sbr. 1. og 2. gr. reglnanna.

6. gr. Ráðstöfun arðs og annars hagnaðar.

Afborganir, vextir og annar hagnaður af verðbréfaeign sjóðsins skal bætt við höfuðstól sjóðsins.

7. gr.

Útreikningur á innlausnarvirði hlutar.

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina í sjóðnum er markaðsvirði samanlagðra eigna sjóðsins að frádregnum skuldum hans við innlausn, svo sem skuldum við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefinna og óinnleysta hlutdeildarskírteina. Um útreikning á innlausnarvirði og mat á markaðsvirði eigna fer að öðru leyti skv. gildandi reglugerð á hverjum tíma. Vegna slita sjóðsins verður ekki reiknað daglegt innlausnarvirði hlutdeildarskírteina.

8. gr.

Um slit sjóðsins og samruna við aðra sjóði.

Sjóðnum verður slitið þegar engar eignir eru eftir í eignasafni sjóðsins. Ákvörðun um slit verður tekin af stjórn Rekstrarfélags Kaupþings banka hf.

Tilkynna skal slíka tilhögun sérhverjum hlutdeildarskírteinishafa bréfleiðis ásamt upplýsingum um eign þess aðila í sjóðnum. Ákvörðunin skal einnig auglýst í einu dagblaði.

Tilkynning til hlutdeildarskírteinishafa skal meðal annars hafa að geyma ákvæði um skilmála slita og tilgreinda dagsetningu gildistöku slitanna.

Samruni sjóðsins við aðra sjóði er óheimill.

Reykjavík 29. september 2005,
með breytingum gerðum 29. janúar 2008
og 12. nóvember 2008